

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Umhverfisráðuneytið
Sigurður Þráinsson
deildarstjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. mars 2011
2011030010/42-5
KHS/GG/TB
jgo/tb

Tillögur Fuglaverndar um breytingu á veiðitíma nokkurra fuglategunda

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 4. mars sl., þar sem óskað er eftir álti Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu Fuglaverndar um breytingu á veiðitíma nokkurra fuglategunda. Lagt er til að stytta veiðitíma fyrir gæsir og svartfugl. Að veiðitími gæsa verði **20. ágúst - 1. desember** í stað 20. ágúst - 15. mars og að veiðitími svartfugls verði **1. september - 1. apríl** í stað 1. september - 10. maí. Jafnframt er lagt til að teista verði alfriðuð eða a.m.k. veiðitími styttr verulega. Einnig kemur fram í bréfi Fuglaverndar beiðni til umhverfisráðherra um að beita sér fyrir sölubanni á villigæsum. Náttúrufræðistofnun mun ekki fjalla sérstaklega um sölubann í þessari umsögn en benda á að stofnunin hefur áður lýst því yfir að skoða beri hvort ekki eigi að hafa þá almennu reglu að sölubann sé á allri villibráð en heimila megi undantekningar.

Umsögn

Eins og kunnugt er er starfarandi nefnd um endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á viltum fuglum og viltum spendýrum. Nefndin mun fjalla um bæði veiðitíma fugla og sölu á villibráð, ekki síst með hvaða hætti eigi að taka ákvárdanir um veiðitíma fugla þ.e. hvaða gögn eigi að leggja til grundvallar. Í bréfi Fuglaverndar kemur fram að andstaða við veiði á grágæs byggist fyrst og fremst á því að félagið telur veiðarnar ómannúðlegar en ekki að þær stofni gæsastofninum í hættu. Einnig eru upplýsingar um ungahlutfall í veiði ágiskanir. Ekki er óheimilt að leggja út fæðu eða beita fyrir gæs hér á landi samkvæmt núgildandi lögum, þótt það sé bannað sumstaðar erlendis. Náttúrufræðistofnun telur ekki að svo stöddu vera rök fyrir því að banna grágæsaveiðar að vetri ef eingöngu á að leggja til grundvallar stofnstærð grágæsastofnsins. Rétt er að halda til haga að það er líklega ekki af náttúrulegum ástæðum, öðrum en veðurfarsbreytingum, sem grágæsir fóru að halda til á Íslandi að vetrum.

Samkvæmt Parísarsamningnum sem Íslendingar gerðust aðilar að árið 1956 (og síðar Bernarsamningnum) skal forðast að veiða dýr þegar þau eru að tímgast eða sinna ungvíði. Víðast hvar í nágrannalöndunum gilda strangar reglur um veiði á varptíma og í flestum tilfellum eru þær bannaðar. Það er full ástæða til að ákveða og skilgreina með skipulegri hætti en gert hefur verið hvað telst vera varptími einstakra fuglategunda og afmarka veiðitíma m.a. eftir því. Þekkt er erlendis frá að sumir fuglar breyta háttum sínum hratt í takt við breytt



tíðarfari. Þær breytingar eru þó ekki svo örar að ekki megi ákveða eðlileg tímamörk. Kanna þarf t.d. betur hvaða fuglar, geldfuglar eða varpfuglar, eru er á sjó langt fram í maí. Lög nr. 64/1994 eru rammalög og skal samkvæmt þeim setja reglugerðir, m.a. um veiðar og veiðítíma einstakra tegunda. Það var gert með reglugerð nr. 456/1994. Í henni eru veiðítími eilítið styrti en víðasti rammi laganna heimilar. Þannig er t.d. veiðítími á gæsum og skörfum aðeins til 15. mars en ekki 31. mars eins og í tímaramma laganna. Náttúrufræðistofnun telur því enga ástæðu til lagabreytinga ef styttá á eða breyta veiðítíma einstakra tegunda. Mikilvægt er að rökstyðja vel allar breytingar á veiðítíma og þá á grundvelli gagna, m.a. úr veiði, þar á meðal hlutfalli ungfugla.

Svartfuglar fara að búa sig undir varp í apríl og veiðítími til 10. maí samræmist því illa þeim sjónarmiðum að veiða ekki fugla á varptíma. Á tímabilinu 1995-2009 voru t.d. veiddar að jafnaði um 3.700 teistur á ári samkvæmt veiðiskýrslum, minnst um 2.400 og mest um 4.900 en ekki er vitað hvað margar teistur drepast í netum. Varpstofn teistu er talin (besta ágiskun) vera um 10.000 - 15.000 pör. Að friða teistu og eða styttá veiðítíma hennar og annarra svartfugla kemur vel til greina að mati Náttúrufræðistofnunar enda eru sterkar vísbindingar um að svartafuglastofnum hafi hnignað verulega á undanförnum áratugum.

Samkvæmt 17 gr. laga nr. 64/1994 er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Að mati Náttúrufræðistofnunar má vel auka þá fjarlægð á sjó og þá með það í huga að draga úr veiði fullorðinna fugla sem eru að búa sig undir varp og halda sig í grennd við björgin. Eins og ástand svartfugla stofna hefur verið undanfarin ár væri eðlilegt að mati Náttúrufræðistofnunar að styttá veiðítíma svartfugls t.d. um 20 til 40 daga en það þýddi um leið að verulega myndi draga úr veiðimöguleikum á þessum fuglum, t.d. í Faxaflóa. Hægt er að styttá veiðítíma með útgáfu reglugerðarbreytinga og þarf ekki lagabreytingar til.


Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að veiðítími fyrir grágæsir verði áfram sá sami. Stofnunin leggur til að veiðítími fyrir svartfugl verði styttur verulega eða um 20-40 daga og/eða að fjarlægð þar sem heimilt er að hleypa af skoti við fuglabjörg verði lengd. Náttúrufræðistofnun mun skoða sérstaklega hvort alfriða beri teistu eða breyta veiðítíma hennar og gera ráðuneytinu grein fyrir því innan skamms. Náttúrufræðistofnun leggur ennfremur til að aflað verði fjármuna til að rannsaka hvaða fuglar, geldfuglar eða varpfuglar, það eru sem eru á sjó langt fram í maí. Stofnunin beinir því ennfremur til nefndar um endurskoðun laga nr. 64/1994 að skoða veiðítíma fugla almennt, skyldur er varða t.d. gögn og vöktun, og sérstaklega m.t.t. með hvaða hætti megi skilgreina varptíma einstakra fuglategunda með áherslu á þá fuglastofna sem veiðar eru stundaðar á. Náttúrufræðistofnun mun einnig skoða þessi atriði að eigin frumkvæði.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

